



Varmahlíðarskóli óskar eftir verkgreinakennara til að sinna kennslu í heimilisfræði

Upphaf starfs:	1. ágúst 2021.
Starfsheiti:	Grunnskólakennari.
Starfshlutfall:	70% starfshlutfall.
Lýsing á starfinu:	Í starfinu felst kennsla í heimilisfræði á öllum aldurstigum skólans auk samvinnu við þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsfólki. Kennari stuðlar að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk. Kennari starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu sveitarfélagsins.
Menntunarkröfur:	Kennaramenntun með áherslu á heimilisfræði. Leyfisbréf til að starfa við kennslu.
Hæfniskröfur:	Góð fagþekking í fræðilegri og verklegri heimilisfræði er skilyrði. Kennslureynsla er æskileg. Tölvukunnátta og færni í upplýsingatækni. Faglegur metnaður og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi. Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, háttvísi, stundvísi og áreiðanleika í starfi. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla.
Vinnutími:	Dagvinna.
Launakjör:	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ vegna FG.
Umsóknarfrestur:	Er til og með 3. júní 2021.
Nánari upplýsingar:	Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, í síma 455-6023 eða hannadora@varmahlidarskoli.is .
Umsóknir:	Umsókn ásamt ferilskrá, prófskírteini og leyfisbréfi skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins eða í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Í Varmahlíðarskóla eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk. Flestir nemendur skólans koma úr Varmahlíð og drefibýli í framanverðum Skagafirði. Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt og fjölbreytt starf. Nám er kjarni skólastarfsins og efling náms er meginviðfangsefni allra starfsmanna. Varmahlíðarskóli starfar sem heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á velferð, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Skólinn starfar í anda Olweusaráætlunarinnar gegn einelti, hefur tileinkað sér aðferðir byrjendalæsis og markvissa notkun upplýsingatækni. Í verkgreinakennslu er áhersla lögð á endurnýtingu.